

## Höfuð snáksins; bakmenn endurræsingarinnar miklu, veiruvitfirringarinnar, kven- og kynfrelsunar, svo og hamfarahlýnunar. Elizabeth Nickson

Elizabeth Nickson er kanadískur blaðamaður. Hún hefur starfað á fjölda miðla, en er nú sjálfstæð og óháð. Hún er höfundur nokkurra bóka.

Ég geri hér að umtalsefni tvær merkar greinar, sem Elizabeth hefur skrifað um þá nýju veröld, sem er í burðarliðnum við endurræsinguna miklu (Great Reset), sem Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum) hefur lofað okkur.

Elizabeth hefur um sumt sérstakan sjónarhól. Hún hefur alist upp meðal þess fólks, sem eru bakhjarlar Alheimsefnahagsráðsins. Það er þetta fólk, sem hamast við að fækka heimsverjum, svipta þá eigum, sjálfsvaldi og frelsi.

Elizabeth lítur um öxl til sjöunda áratugs síðustu aldar, þegar „ásetningur þeirra var að rugla í ríminu (break) börn þriggja kynslóða (sem ljúka ætti með kynskurði), eyðileggja hugsun þeirra, koma fjölskyldum þeirra á vonarvöl, sannfæra þær um, að barneignir væru böf, að vöxtur, velmegun og sjálfsstjórn, væri sem ókleifur hamar – jafnvel tortímandi.“

Morðið á John F. Kennedy (1917-1963) markar að sumu leyti þáttaskil í þeirri áætlun, sem blasir við augum í dag; fólki og hópum er att gegn hver öðrum, atferlisvísindin tekin í þjónustu þeirra, sem vilja móta hugsun fólks og hegðun. Úr þessari deiglu var umhverfishreyfingin stofnuð sem og önnur bylgja kvenfrelsunar. Sömuleiðis náðu „þeir“ tökum á fjölmiðlum og beittu fyrir sig leyniþjónustum. MKUltra, heilapvottarannsóknaráætlunin, er eitt skilgetinna afkvæma leyniþjónustu Bandaríkjanna- CIA.

Kvenfrelsunarhreyfingunni var sérstaklega komið á laggirnar í því skyni að eyðileggja hjónabandið og gera barneignir óaðlaðandi.

Hverjir eru þeir? Kært barn ber mörg nöfn; Ólympíujöfrarnir (Olympians), Úrvalið (Elect), Bilderbergersveitin (Bilderbergers), Þriggja hundraða ráðið (the 300), Hálfguðirnir (demi-gods), Svarti aðallinn, sem og fleiri kjánaheiti.

Þeir fara með veggjum, laumast og læðast, stunda alls konar kukl, sem ekki þolir dagsins ljós. Þeir eru sólgirnir í völd eins og Hillary Clinton, en enn þá spilltari en hún, Joe Biden og sonarómyndin. Þeir hafa verið á stjái um þúsund ára skeið og gera sjálfa sig hlægilega með því að rekja ættir sínar aftur til Súmera og Faróa.

Hunter Biden er eins konar holdgervingur þeirra; djúpsál, myndbirting viðbjóðslegrar úrkynjunar og kynlífsþráhyggju. Að mínum dómi, segir Elizabeth, var Hunter tekinn í söfnuðinn og missti vitið í fíkniefnaneyslu, blóðdrykkju, drápum og kynfórnum. Það eru blótin, sem færa þeim völd.

Hvernig hefur slík grimmd skotið rótum, spyr Elizabeth. Grimmdin birtist í áætlunum um að endurræsa veröldina, stinga öllum í stundarfjórðungsfangelsi, örmerkja fólk, hafa með því eftirlit og fóðra það á gerviefnaglás.

(Úkraína er nú orðið fyrirmyndarríki að þessu leyti. Yfirvöld hafa tögl og haldir í gegnum snjallforrit, sem tæknirisarnir hafa hannað, sbr. viðtal við þýska blaðamanninn, Tom-Oviver Regenauer. Alþingi Íslendinga hefur nýlega endurnýjað stuðning sinn við Úkraínu.).

Og enn spyr Elizabeth. Hvernig má það vera, að heilbrigðisstarfsmenn hafi sprautað skaðvænlegu bóluefni gegn covid-19 í fólk (sbr. samantekt Edward Dowd á meinviðbrögðum)?

Svarið er fólgið í fyrirlitningu úrvalsfólksins á öllum – eða því sem næst. Þau eru svo vel efnum og búin og búa við slík fríðindi, að á sérhvern utanaðkomandi er litið sem hjarðdýr, sem megi ráðskast með.

Stríðshugmyndafræðin gegn okkur var mótuð gagngert á níttjándu og tuttugustu öldinni í leynifélögum á borð við Fabianfélagið (Fabians) og af rithöfundum á þeirra vegum eins og H.G. Wells (1866-1946) og Huxley bræðra (Aldous Leonard (1894-1963) og Julian Sorell (1887-1975)).

Faðir bræðranna, Thomas Henry (1825-1895), var stundum kallaður almannatengill Charles Darwin (1809-1882), en kenningar hans um þróun lífsins á jörðinni voru afbakaðar í félagslega Darwinhyggju (social Darwinism), sem urðu grundvöllur mannbótastefnunnar (eugenics), sem enn hefur víðtæka skírskotun.

Samkvæmt stefnunni er sumt fólk betra en annað og hefur því lífsins rétt. Uppræta skal hina óæskilegu. Það á einnig við um kynstofna eða kynþætti. Þekkt tilbrigði við þessa hugmyndafræði eru Aríar (hugarfóstur þýskra nasista) og Gyðingar.

Thomas var einnig félagi í Hringborðinu (Round Table) og Rhodes-félaginu. Hvor tveggju eru félög breskra heimsvaldasinna og auðkýfinga. Einn þeirra, Cecil John Rhodes (1853-1902), átti meira að segja hluta Afríku (Ródesíu).

Leyniþjónustan átti sinn fulltrúa, sagn- og alþjóðfræðinginn, Arnold Joseph Toynbee (1889-1975), sem einnig stjórnaði um hálftrar aldar skeið „Konunglegu stofnununni um alþjóðamál“ (Royal Institute for International Affairs).

Hugmyndafræðin og framtíðarsýnin er eftirminnilega kynnt í bókum fyrrgreindra höfunda. Opið samsæri sögðu þeir, uppdrættir af nýrri (fagurri) veröld, áætlun um heimsbyltingu, sem m.a. fæli í sér einn „heimsheila.“ Aldous talaði um „lokabyltingu,“ „alræði án tára,“ þar sem fólk öðlaðist þrælslund.

Bróðir Aldous, Julian, hafði einnig afdrifarík áhrif sem fyrsti yfirmaður Mennta-, menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO – United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization).

Markmiðið – eins og lesa má t.d. í ritum Aldous- væri að stofna til samfélags eða fangabúða án þjánainga, þar sem fólk væri svipt frelsi, en léti hjá líða að ybba kíf. Áróður og lyfjastuddur heilapvottur kæmi í veg fyrir það. (Þarna eru við reyndar stödd í dag – eða hvað?)

Fólk af þessu sauðahúsi sótti í dýrkun gamalla frjósemis-, vímu- og svallguða eins og Dionýsusar (Dionysus). Dulvitringur þeirra var rússneski rithöfundurinn, Helena Petrovna Blavatsky (1831-1891). Leiðtogi breskra fasista, Oswald Ernald Mosley (1896-1980) lét einnig ljós sitt skína.

Fyrrgreindir stríðsjófrar, ásamt Rockefeller-ættinni, Henry (Heinz) Kissinger (1923-2023), Alþjóðaseðlabankanum (Bank of International Settlements), Seðlabankanum í Nýju Jórvík, gamalgrónum fjölskyldum í Evrópu og fleirum, tóku eftir aðra heimstýrjöldina til óspilltra málanna við að eyðileggja samfélag Norður-Ameríku.

Eyðileggingin var einkum þríþætt; skapa óreiðu í borgunum og ala á óeiningu; skapa menningarleg áföll eins og morð, aftökur og sjúkdóma (covid), í því skyni að bæla viðnámsþróttinn, svo og eyðileggja menninguna, konur og börn.

Endurræsingin bergmálar víða á Íslandi, m.a. í sambandi við forsetakosningarnar. Það eru hvorki meira né minna en þrír forsetaframbjóðendur, sem eru Alheimsefnahagsráðinu hliðhollir; Katrín Jakobsdóttir og Höllurnar tvær. Katrín er holdgervingur baráttu þess fyrir kvenfrelsun og brenglun kyns. Auk þess berst hún fyrir rétti kvenna til geðþóttaeyðingar fóstura sinna fram að fæðingu. Í slíkum rétti felst endaleg frelsun konunnar – eða þar til klakstöðvarnar taka við.

Katrín bergmálar eins og Halla smalastúlka, ofstækisfulla umhverfisstefnu Ráðsins og Sameinuðu þjóðanna (Sjálfbærnimarkmiðin). Aukin heldur eru tveir frambjóðendur

(Katrín og Baldur/Felix (tveir fyrir einn) hlyntir kynbreytingum á börnum eins og Bandaríkjaforseti.

Alheimsúrvalið (höfuð snáksins) hefur erindi sem erfiði.

<https://rumble.com/v33js3w-del-bigtree-wed-dowd-black-rock-vaccinated-folks-collapses-disabilities-dea.html>

<https://www.kla.tv/28792>

[https://steigan.no/2024/04/ukraina-administreres-av-apple-microsoft-og-amazon/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/04/ukraina-administreres-av-apple-microsoft-og-amazon/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://steemit.com/stanfordresearch/@duanehayes/stanford-research-institute-changing-images-of-man>

<https://rumble.com/v33js3w-del-bigtree-wed-dowd-black-rock-vaccinated-folks-collapses-disabilities-dea.html>

<https://elizabethnickson.substack.com/p/the-demonic-flooding-of-america-was>

<https://elizabethnickson.substack.com/p/they-break-every-family-every-country>